

# STJÓRNARTÍÐINDI B 31 — 1987

---

---

6. júlí 1987

597

Nr. 309

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum norður af Horni.

1. gr.

Frá og með 8. júlí 1987 og til og með 30. september 1987 eru allar togveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°39'70 N — 23°02'30 V
2. 66°57'00 N — 23°21'00 V
3. 67°01'00 N — 22°12'30 V
4. 66°54'37 N — 22°06'09 V
5. 66°52'23 N — 22°38'13 V
6. 66°39'54 N — 22°24'30 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1987.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kjartan Júlíusson.*

8. júlí 1987

Nr. 310

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486/1982, um söluskatt,  
með síðari breytingum.

1. gr.

28. töluliður 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 34/1984, falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 9. júlí 1987.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I**

Hafi fyrir gildistöku reglugerðar þessarar verið gerður samningur um sölu sjálfvirkra gagnavinnsluvéla eða hluta til þeirra en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku hennar skal skila söluskatti af þessum viðskiptum í ríkissjóð. Kaupanda ber í þessum tilvikum að greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar sölugjaldi nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með við ákvörðun þess. Sama á við hafi greiðsla átt sér stað fyrir gildistöku reglugerðarinnar en afhending hins selda á sér stað eftir 5. ágúst 1987.

**II**

Hafi innflytjandi gagnavinnsluvéla eða hluta í þær afhent skjöl til tollmeðferðar áður en reglugerð þessi tekur gildi sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða vörur þessar þegar í stað skal ekki innheimta sölugjald af þeim við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 15. júlí 1987.

*Fjármálaráðuneytið, 8. júlí 1987.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Sigurgeir Jónsson.*

Nr. 311

29. júní 1987

**AUGLÝSING****um lyfjastaðla á Íslandi.**

## 1. gr.

Enska útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar, Pharmacopoeia Europaea 2nd. Edition, gildir hér á landi frá og með 1. júlí 1987.

## 2. gr.

Skra og staðlar fyrir hráefni í lyf, sem greindir eru í gildandi dönskum lyfjastöðlum (DLS: Danske Lægemiddelstandarder), eru í gildi.

Ákvæði um framleiðslu lyfja og staðlar fyrir lyfjaform og lyf í dönskum lyfjastöðlum (DLS) eru í gildi.

Skra yfir staðla fyrir líffræðilegar mælingar í dönskum lyfjastöðlum (DLS) er í gildi.

## 3. gr.

Pharmacopoeia Europaea 1st. Edition, forskriftir (mónógráfur) norrænu lyfjaskrárinnar (Ph. Nord 63), danska lyfseðlasafnsins (DD 63), danska apótekarafélagsins (DAK 63), ásamt viðaukum, falla úr gildi 1. júlí 1987.

## 4. gr.

Auglýsing nr. 809/1983 með sama heiti fellur hér með úr gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*